

Nd.

407. Frumvarp til laga

[209. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 500 fólksbifreiðum árlega fyrir bæklæð fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr. sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar sem njóta tollivilnunar skv. 41. tl. 3. gr. geta notið hálftrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólk.

2. gr.

Á eftir 22. tl. 3. gr. laganna komi ný heimild er orðist svo:

23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir í fyrsta lagi ráð fyrir breytingu á núgildandi 27. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og í öðru lagi upptöku nýrrar heimildar í 3. gr. laganna er verði 23. tl. 3. gr. Verður gerð nánari grein fyrir efni einstakra greina hér á eftir.

Um 1. gr.

Frá því að núgildandi lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. voru sett hafa tvívegis verið gerðar breytingar á 27. tl. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980. Af þessum sökum svo og vegna nýmæla í frumvarpi þessu er talið eðlilegt að 27. tl. 3. gr. verði lögfestur að nýju í heild sinni og tilvitnuð breytingarlög afnumin frá sama tíma.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að fólksbifreiðum, sem öryrkjar geta sótt um eftirgjöf aðflutningsgjalda á, verði fjölgað um 100 miðað við núgildandi lög, þ.e. úr 400 í 500 bifreiðar á ári. Um ástæður þessarar fjölgunar vísast til greinargerðar um 5. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. 27. tl. 3. gr. gildandi laga getur svonefnd lægri eftirgjöf numið allt að 7 500 nýkr. vegna eftirgjafar gjalda (tolls) auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð þannig að heildarlækkun gjalda af hverri bifreið getur numið allt að 15 000 nýkr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirgjöf tolls og innflutningsgjalds hækki um 60% þannig að föst tolleftirgjöf geti numið allt að 12 000 nýkr., auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð, og getur því lægri eftirgjöf numið allt að 24 000 nýkr.

Svonefnd hærri eftirgjöf, sem skv. 3. mgr. 27. tl. 3. gr. gildandi laga er heimill að veita þeim 25 aðilum (af 400) sem mestir eru öryrkjar, getur numið allt að helmingi hærri fjárhæð en lægri eftirgjöf skv. 2. mgr. eða samtals 30 000 nýkr. Vegna margs konar aukabúnaðar sem sérstaklega kann að þurfa að pantast með bifreiðum þessara aðila er talið rétt að halda óbreyttri reglu um helmingi hærri eftirgjöf þeim til handa. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir fastri tolleftirgjöf allt að 24 000 nýkr. auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð og getur því hærri eftirgjöf numið allt að 48 000 nýkr. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að söluskattur er eigi greiddur af þeim hluta aðflutningsgjalda sem felldur er niður. Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós að 25 bifreiðar árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar er nægjanlegur fjöldi að mati Úthlutunarnefndar bifreiða til öryrkja. Er því gert ráð fyrir óbreyttum fjölda þeirra.

Í frumvarpi þessu er 4. mgr. 27. tl. nýmæli sem gerir ráð fyrir heimild til handa fjármálaráðherra að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. mgr. til samræmis við þróun framfærsluvisitölu svo og vegna breytinga sem kunna að verða gerðar á álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda vegna innflutnings á bifreiðum. Með því að framan-

greindar fjárhæðir eru nú bundnar í lögum hefur eins og fyrr var rakið reynst tvívegis nauðsynlegt að fá lögum breytt til leiðréttingar á þeim vegna verðlagsbreytinga. Nýmæli þetta leiðir til þess að eigi þarf framvegis að leita eftir laga-breytingu til leiðréttingar á nefndum fjárhæðum vegna verðlagsþróunar í landinu. Er eigi talin þörf á að rökstyðja frekar nauðsyn þess að ákvæði þetta verði lögfest. Í framkvæmd fer aðalúthlutun svonefndra öryrkjaleyfa fram að öllu jöfnu í mars eða apríl ár hvert en ónotuðum leyfum úthlutað aftur í september. Er því gert ráð fyrir að fjárhæðir þær sem getið er um í 2. og 3. mgr. 27. tl. verði útreiknaðar tvisvar á ári miðað við ofangreind tímamörk.

Í 5. mgr. 27. tl. er einnig að finna nýmæli þar sem kveðið er á um lágmarks-tíma þann sem líða verður frá fyrri eftirgjöf þar til öryrki getur sótt um eftirgjöf að nýju. Í framkvæmd gildir nú sú regla að 5 ár verða að líða frá tollafgreiðsludegi bifreiðar, sem öryrki hefur fengið tollívilnun á vegna örorku, þar til hann getur komið til álita að nýju við úthlutun svonefndra öryrkjaleyfa. Frumvarpið gerir ráð fyrir styttingu þessa tíma. Öryrki sem fengið hefur lægri eftirgjöf skv. 2. mgr. getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar, en öryrki sem fengið hefur hærri eftirgjöf skv. 3. mgr. getur sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum. Í háðum tilvikum verða viðkomandi aðilar eftir atvikum að sýna fram á fjögurra eða þriggja ára eignarhald á bifreið þeirri sem þeir fengu síðast eftirgefin aðflutningsgjöld á eða annarri eða öðrum bifreiðum sem komu í hennar stað. Vegna styttingar nefnds tímamarks er talið hæfilegt að fjölga bifreiðum um 100 eins og fyrr var rakið.

Með fyrrnefndum lögum nr. 11 29. mars 1979 um breyting á tollskrárlögum var lögfest svohljóðandi ákvæði sem 4. mgr. 27. tl. 3. gr. laganna:

„Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkvæmt 41. tl., geta eigi jafnframt fengið eftirgjöf samkvæmt þessum tölulið“.

Umræddir aðilar eru bifreiðastjórar sem stunda akstur leigubifreiða til fólks-flutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri. Samkvæmt tilvitnuðum 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimilt að lækka toll á bifreiðum til nefndra aðila úr 90% í 40% sé um aðalstarf að ræða en úr 90% í 65% sé um aukastarf að ræða. Reglur nr. 234/1980 gilda nú um notkun heimildarinnar. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á gildandi lögum að þessir aðilar geti auk tollívilnunar skv. 41. tl. notið hálftrar ívilnunar skv. 2. mgr. 27. tl., þ. e. hálftrar lægri eftirgjafar.

Í frumvarpi þessu er 8. mgr. 27. tl. 3. gr. samhljóða 6. mgr. 27. tl. 3. gr. fyrr-nefndra laga nr. 11 29. mars 1979 að öðru leyti en því að orðunum „samkvæmt læknisvottorði“ hefur verið sleppt. Lagt er til að tilvitnuð orð verði felld brott úr 27. tl. 3. gr. þar sem þau hafa í framkvæmd torveldað notkun heimildarákvæðisins.

Um 2. gr.

Lagt er til skv. 2. gr. frumvarpsins að upp verði tekið í 3. gr. tollskrárlaga nýtt heimildarákvæði er feli í sér heimild til handa fjármálaráðuneytinu til að leyfa tímabundna afhendingu á vörum til þess að á þeim geti farið fram nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Eigi þarf að fjölyrða um að brýnt hagsmunamál er jafnt innflytjenda sem erlendra viðsemjenda þeirra að aðilar þessir eigi þess kost að gera viðeigandi ráðstafanir til að verja innfluttar vörur skemmdum eins fljótt og mögulegt er eftir að þær hafa verið fluttar til landsins. Eðlilegast er að vörur séu tollafgreiddar sem fyrst eftir að þær eru fluttar til landsins og þeim þar með komið á markað en ýmis atvik geta hins vegar orðið þess valdandi að einhver dráttur verði þar á. Glöggt dæmi um slíkt eru sveiflur í innflutningi og sölu bifreiða sem iðulega hafa leitt til þess að vörur þessar hafa staðið lengi óvarðar í geymslum farmflytjenda og m. a. orðið fyrir ryðskemmdum af þeim sök-um. Er erfitt að komast hjá slíkum skemmdum vegna veðráttu hér á landi en hins

vegar er það hagsmunamál landsmanna að heimild sé í lögum til þess að hægt sé að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir í þessum efnum og ryðverja bifreiðar sem fyrst eftir innflutning. Eins og áður greinir er með frumvarpi þessu lagt til að heimildar-ákvæði þar að lútandi verði lögfest en jafnframt gert ráð fyrir að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd heimildarinnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.